

## Tillaga til lagabreytinga

## Lög KSÍ

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á lögum KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögina er **rauðmerktar**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

## LÖG KNATTSPYRNUSAMBANDS ÍSLANDS

## V. STJÓRN KSÍ

## 17. grein - Kosning stjórnar KSÍ

- 17.2 ~~Þeir þau~~ sem bjóða sig fram til embætta sem kosið er um samkvæmt grein 17.1. skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. ~~Þeir þau~~ sem ~~kosinnir~~ eru **og staðfest** í stjórn KSÍ og ~~þeir þau~~ sem ~~kosinnir~~ eru **og staðfest** til vara í stjórn KSÍ, ~~á undanskildum fulltrúa ÍTF~~, skulu hvorki vera í launuðu starfi hjá aðildarfélögum KSÍ né sitja í stjórnnum eða vera formaður ráða þeirra.

## Greinargerð

Tillaga er lögð fram á knattspyrnuþingi 2024 af stjórn KSÍ. Um ræðir breytingartillögu sem tekur mið af athugasemdum frá framkvæmdastjórn ÍSÍ við samþykktar lagabreytingar á ársþingi KSÍ 2023. Í bréfi framkvæmdastjórnar ÍSÍ frá 11. júlí 2023 vegna lagabreytinga á ársþingi KSÍ 2023 kom m.a. eftirfarandi fram:

*„Ekki er talið í samræmi við lýðræðislega og góða stjórnarhætti að undanskilja einn aðila í stjórn KSÍ frá hæfisskilyrðum sem allir aðrir í stjórn sambandsins þurfa að gangast undir. Skilyrðin eru sett í þágu góðra stjórnarháttar en með undanþágunni fyrir fulltrúa ÍTF þá má segja að skilyrðin snúist upp í andhverfu sína og fari gegn þeim góðu gildum sem þau eiga að stuðla að. Ekki er sýnileg gild ástæða fyrir því að fulltrúi ÍTF sé undanskilinn þessu hæfisskilyrði.“*

*Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfestir lög KSÍ með áorðnum breytingum með fyrirvara um lagfæringu á grein 17.2., skv. ofansögðu[...]*“

Stjórn KSÍ leggur til að breytingartillaga þessi verði samþykkt svo hæfisskilyrði vegna setu í stjórn KSÍ séu samræmd og eigi jafnt við um alla stjórnarfulltrúa.

**Stjórn KSÍ**